

SAMPYKKT

fyrir Veidifélag Rangæinga.

1. Félagið heitir Veidifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er hið sama og heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga á vatnsvæði Hólsár, Ytri-Rangár, Þverár og Eystri-Rangár, en þær eru:

Djúpárhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Háber I, Háber II, Há-Rimi II, Há-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafnstöftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Ægissíða IV, Önnupartur, Hrafnstöftir I.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir, Heiðarbrún.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfsstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lúnansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll II, Hemla, Ytri-Hóll I.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefsstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svínhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálur, Þorleifsstaðir, Eystra-Fróðholt, Uxahryggur I og II.

Hvolhreppur: Akur, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efri-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórolfshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll, Dufþaksholt, Stóri-Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsalir, Vestri-Garðsauki, Miðkriki, Tjaldhólar, Vindás, Giljur, Miðhús, Þorunúpur og Skeið.

Fljótshlíðarhreppur: Há-Múli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Deild, Gamba, Heylækur I, Heylækur II, Valstrýta, Efri-Þverá, Teigur I, Teigur II, Smáratún, Bollakot, Grjóta, Helliðshólar, Arngeirsstaðir, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot I, Kirkjulækjarkot II, Kirkjulækjarkot III, Lambalækur, Kollabær I, Kollabær II, Kvoslækur, Ormskot, Stöðlakot, Tumastaðir, Tunga, Eystri-Torfastaðir I,

Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Kotmúli, Sámsstaðir I, Sámsstaðir II, Sámsstaðir III, efri og neðri, Bjargarkot, Árnagerði, Ásvöllur, Lambey, Staðarbakkí, Breiðabólstaður, Flókastaðir, Núpur I, Núpur II, Vatnsdalur, Butra og Hlíðarból.

3. Veidifélagið starfar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Það starfar deildaskipt og skal stofna sérstök félög sem fari með veiðimál hvert á sínu svæði í samræmi við samþykktir Veidifélags Rangæinga. Deildimar annist nauðsynlega ræktun til viðhalds góðri fiskgengd, svo og útleigu á veiði. Aðeins sé heimilt að veiða með stöng og gildir það um allt vatnasvæðið og félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Veidifélagið sér um sameiginleg verkefni sem ráðast þarf í. Jafnan skal kostnaðarhlutdeild hverrar deildar metin og samið um greiðslur áður en framkvæmdir hefjast.
4. Aðalfundur og aðrir fundir Veidifélags Rangæinga eru fulltrúafundir. Fulltrúar eru kosnir árlega hjá hverri deild sbr. 11. grein. Einnig skal kjósa varafulltrúa. Auk þess eiga stjórnarmenn Veidifélags Rangæinga réttindi fulltrúa. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Sé sami maður kosinn fulltrúi frá fleiri en einni deild, skal varamaður taka sæti hans. Aðalfundur er lögmatgur ef mættir eru 2/3 kjörinna fulltrúa. Almennum félögum er heimil seta á aðalfundum með málfrelsi og tillögurétt.
5. Stjórn félagsins skipa 11 menn. Formaður og 10 meðstjórnendur, þ.e. tveir frá hverri deild sbr. 11. grein. Formaður og varaformaður séu kosnir af aðalfundi óbundið hvað búsetu snertir og eru þá allir félagsmenn í kjöri. Meðan kjör formanns varir gegni hann ekki samtímis öðrum stjórnarstörfum í félaginu. Kjörtímabil sé þrjú ár. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn heilt kjörtímabil. Kjósa skal tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn og gangi þeir út sitt árið hvor. Þeir séu ekki frá sömu deild.
6. Stjórnin hefur á hendi sameiginlegar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar eftir þörfum við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi frá þar til bærnum aðila. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert og boða fulltrúa til hans skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Auk þess sé auglýst tvisvar í útvarpi viku fyrir fundardag. Verkefni aðalfundar eru:
 1. Skýrsla stjórnar.
 2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til úrskurðar.
 3. Skýrslur deildanna.
 4. Kosning formanns, varaformanns og endurskoðenda skv. 6. grein.
 5. Tillögur um áætlaða starfsemi næsta árs, ásamt fjárhagsáætlun.
 6. Önnur mál.
8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, svo og samþykktir félagsins, félagaskrár, arðskrár, jarðaskrár, kjörskrár, fundargerðir

og bréf. Stjórn veiðifélagsins hafi yfirumsjón með gerð félagaskrár, arðskrár, jarðaskrár og kjörskrár. Deildirnar aðstoði stjórnina við gerð skrána hver á sínu svæði eftir því sem kostur er og annist um leiðréttingar. Afrit að skránum, svo og leiðréttingum, séu jafnan afhent formanni veiðifélagsins til færslu í gerðabók.

9. Arði af veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá sem skal vera deildaskipt. Félagsmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
10. Félagið starfar í eftirfarandi deildum:
 1. Veiðifélag vestri bakka Hólsár og Ytri-Rangár ásamt öllum fiskgengum hliðarlækjum nema Hróarslæk.
 2. Veiðifélag Hróarslækjar. Félagssvæðið nær frá upptökum ofan Reyðarvatns og þar til lækurinn rennur í Ytri-Rangá vestur af Selalæk.
 3. Veiðifélag Eystri-Rangár. Félagssvæðið er Eystri-Rangá ásamt fiskgengum ám og hliðarlækjum sem í hana falla.
 4. Veiðifélag Þverár. Félagssvæðið nær frá ármótum við Eystri-Rangá og inn til Fljótshlíðar ásamt fiskgengum ám og hliðarlækjum sem í hana falla.
 5. Veiðifélag Eystri-Rangá Hólsár og hluta Þverár. Félagssvæðið er þaðan sem Eystri-Rangá fellur í Þverá og síðan eystri bakki Hólsár.

Hvert félag setur sér samþykktir en gæta skal þess að þær stangist hvorki á við lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 eða samþykktir Veiðifélags Rangæinga.

11. Deildirnar kjósi sér hver fyrir sig fimm manna stjórn ásamt varamönnum. Stjórnarmenn séu formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Skal formaður kosinn sérstaklega, en hinir skipta með sér verkum. Kjörtímabil sé þrjú ár. Gangi formaður úr eftir eitt ár og síðan sé dregið um þá tvo sem ganga úr eftir tvö ár en hinir tveir gangi úr eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Ef stjórnarmaður er kosinn til formennsku í veiðifélaginu sé varamaður hans kvaddur til. Endurskoðendur séu hinir sömu og veiðifélagsins. Hver deild eigi tvo menn í aðalstjórn veiðifélagsins, sé formaður sjálfkjörinn, en hinn kjósa stjórnarmenn úr sínum hópi. Aðalfundur deildanna skulu haldnir í febrúar ár hvert. Skýrslur og greinargerðir sem þeim ber að færa, skulu tilbúnar þrem vikum fyrir aðalfund veiðifélagsins. Á aðalfundi skal árlega kjósa fulltrúa til setu á aðalfundi og öðrum fundum Veiðifélags Rangæinga. Kjósa skal einn fulltrúa fyrir hverja 10 atkvæðisbæra félagsmenn. Auk þess þrjú varafulltrúa.
12. Ákvæði til bráðabirgða. Veita má Veiðifélagi Þverár tímabundið undanþágur frá því að uppfylla stjórnunarákvæði þessara laga.
13. Ræktun nýrra fiskistofna á vatnasvæðinu, svo og stofnun og rekstur fiskeldisstöðva sem tengjast því, skal aðeins heimil með samþykki aðalfundar og að fengnum meðmælum veiðimálastjóra.
14. Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi ef 2/3 félagsmanna samþykkja það, enda sé þess getið í fundarboði að um slíka breytingu sé að ræða og að breytingartillögurnar hafi áður verið kynntar á félagsfundum. Nú verður breyting á samþykktum ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

15. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hörgár.

Veiðisvæði 1:	Gásir	50	einingar
	Glæsibæjarhreppur	60	“
	Skipalón	595	“
	Ós	180	“
	Ásláksstaðir	165	“
	Hof	80	“
	Hvammur	15	“
Veiðisvæði 2:	Hlaðir	252	“
	Tréstaðir	48	“
	Möðruvellir I	144	“
	Möðruvellir II	144	“
	Spónsgerði	65	“
Veiðisvæði 3:	Grjótgarður	61	“
	Djúpárbakki	180	“
	Laugaland	241	“
	Krossastaðir	200	“
	Vaglir	240	“
	Steðji	134	“
	Björg	110	“
	Litli-Dunhagi I	42	“
	Litli-Dunhagi II	42	“
	Stóri-Dunhagi	52	“
	Príhyrningur	15	“
	Auðbrekka/Hólkot	196	“
	Brakandi/Bláteigur	74	“
Fornhagi	48	“	
Dagverðartunga/Bláteigur	94	“	